

Lög

um útflutning hrossa.

1. gr.

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa. Útflutningshross skulu vera á aldrinum fjögurra mánaða til fimmtán vетra. Þó má flytja úr landi eldri kynbótahross en þá einungis með flugvélum. Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mán- uði eða lengur.

2. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi hross nema embættisdýralæknir hafi skoðað það í útflutningshöfn, metið það hæft til útflutnings með tilliti til dýraverndar og smitsjúkóma og staðfest að það sé rétt merkt og uppfylli kröfur sem gerðar eru af hlutaðeigandi yfirvöldum í innflutningslandi. Öll útflutningshross skulu örmerkt eða frostmerkt. Útflytjendur hrossa greiða kostnað við skoðun útflutningshrossa í útflutningshöfn samkvæmt gjaldskrá sem landbún- aðarráðherra staðfestir að fenginni tillögu yfirdýralæknis.

3. gr.

Flutningsfar fyrir hross og öll aðstaða, svo sem rými, loftræsting, brynningartæki, fóður og aðstaða til fóðrunar, skal vera með þeim hætti að sem best sé að hrossunum búið. Embættisdýralæknir skal ávallt líta eftir að reglum um aðbúnað sé fylgt.

Á tímabilinu 1. nóvember til 15. apríl er einungis heimilt að flytja hross til útlanda með flugvélum.

4. gr.

Hrossum sem flutt eru úr landi skal fylgja vottorð, hestavegabréf, frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna, ætterni og hver eigandi þess sé.

Útflytjendur hrossa greiða gjald vegna kostnaðar við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands.

Fagráð í hrossarækt, sem starfar skv. 4. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, skal árlega ákveða mörk kynbótamats sem hross þarf að hafa til að teljast úrvalskynbótagripur. Sé áformað að selja úr landi hross sem hefur kynbótamat yfir þeim mörkum skal það tilkynnt Bændasamtökum Íslands án tafar.

5. gr.

Af hverju útfluttu hrossi skal greiða 500 kr. gjald í stofnverndarsjóð skv. 15. gr. búnaðar-laga, nr. 70/1998. Bændasamtök Íslands annast innheimtu gjaldsins.

6. gr.

Skipa skal fimm manna ráðgjafarnefnd um málefni er snerta útflutning hrossa og skal hún jafnframt vera samráðsvettvangur stjórvalda og þeirra sem að þeim málum vinna. Bændasamtök Íslands, Félag hrossabænda, yfirdýralæknir og Félag hrossaútflytjenda tilnefna menn í nefndina en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, þar með talið skoðun og merkingu útflutningshrossa, aðstöðu í útflutningshöfn og upplýsingar sem útflytjanda er skylt að leggja fram og sem upprunavottorð byggist á.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 161/1994, um útflutning hrossa, með síðari breytingum. Ákvæði 2. gr. um að öll útflutningshross skuli vera örmerkt eða frostmerkt tekur þó fyrst gildi 1. janúar 2003.

Samþykkt á Alþingi 22. apríl 2002.